

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**655. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 9. ágúst 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss.
2. Úthlutun leiguíbúðar í Nestúni.
3. Bréf Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis.
4. Fundargerð 184. fundar skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra.
5. Húnasjóðir, umsóknir um styrki..

**Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu framkvæmdir og viðhald s.s. vatnsveituframkvæmdir í Mjóadal, vatn á tjaldsvæði og íþróttavöllum, hitaveituframkvæmdir í dreifbýli o.fl.
2. Úthlutun leiguíbúðar í Nestúni. Byggðarráð samþykkir að úthluta Bjarndísi Jóhannsdóttur kt. 111050-6789 íbúð nr. 103 í Nestúni. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.
3. Lagt fram til kynningar bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 28. júlí 2010 um innleiðingu breytinga á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem taka eiga gildi 1. janúar 2011.
4. Fundargerð 184. fundar skipulags- og umhverfisráðs. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. Lagðar fram umsóknir um styrki úr Húnasjóði. Þrettán umsóknir bárust. Byggðarráð samþykkir að veita eftirtöldum umsækjendum styrk úr Húnasjóði árið 2010:  
Berglindi Rós Gunnarsdóttur, nema í lögfræði  
Eyþóri Kára Eðvaldssyni, nema í rafmagnstæknifræði  
Guðjóni Þórarni Loftssyni, nema í byggingariðnfræði  
Margrét Hrönn Björnsdóttur, nema í sálfræði  
Sæunni Vigdís Sigvaldadóttur, nema í þroskaþjálfarafræði  
Sölva Mars Eðvaldssyni, nema í kvikmyndagerð  
Unnsteini Óskari Andrésyni, nema í byggingariðnfræði  
Styrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000.  
Samþykkt að taka á dagskrá
6. Vegna brottflutnings Vals Karlssonar úr sveitarfélaginu, er tilnefndur í hans stað Gunnar Þorgeirsson sem aðalmaður í félagsmálaráð og varamaður í barnaverndarnefnd. Samþykkt samhljóða
7. Samþykkt að vísa til umsagnar landbúnaðarráðs erindi fulltrúa fjallskiladeilda Hróttfirðinga og Miðfirðinga frá 653. fundi byggðarráðs um endurnýjun girðingar milli afréttarlanda viðkomandi fjallskiladeilda.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:15

---

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

---

Stefán E. Böðvarsson

---

Elín R. Líndal

Áheyrnarfulltrúi:

Fundarritari

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Guðrún Ragnarsdóttir